



EFSTALEITI 1, 150 REYKJAVÍK, KT. 540269-5729
SÍMI 515 3000 BRÉFASÍMI 515 3010

RÍKISÚTVARPIÐ

ÚTVARPSSTJÓRI

*Alþingi
Erindi nr. P 130/106
komudagur 12.11. 2003*

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 R.

Reykjavík, 11. nóvember 2003.

Vísað hefur verið til umsagnar Ríkisútværpsins frumvarpi til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum, þingskjal 11, 11. mál.

Ríkisútværpið telur afar jákvætt að umrædd breyting verði á lögum um virðisaukaskatt enda ryðja hljóðbækur sér mjög til rúms og innlendir bókaútgefendur munu í æ ríkara mæli leggja áherzlu á að gefa út verk höfunda í hljóðrænu formi svo sem gerzt hefur erlendis.

Ríkisútværpið hefur kannað leiðir til samstarfs við útgefendur er hafa glöggja markaðsþekkingu á þessu sviði varðandi sérútgáfur hljóðbanda eða geisladiska með efni úr dagskránni. Því er ekki að leyna að slík viðleitni hefur oft strandað á samningagerð við höfunda og flytjendur enda má spryrja hvort ekki sé eðlilegast að frumkvæði sé hjá útgefendum viðkomandi höfunda en Ríkisútværpið leggi eftir atvikum fram hljóðupptökur til samstarfsins.

Af ýmsu er að taka í þessu sambandi og ber því að leiðréttu þann misskilning, sem fram kemur hjá flutningsmönnum frumvarpsins í annarri málsgrein greinargerðar með því, þar sem segir: "Ríkisútværpið hafði þá stefnu um árabil að hljóðrita upplestur rithöfunda á eigin verkum. Nú hefur það breytt um stefnu, þannig að upplesið efni skipar æ minna rými í dagskrá þess"

Af þessu tilefni leitaði ég umsagnar dagskrárstjóra Rásar 1 um málið og fékk eftirfarandi svar i tölvupósti:

"Sæll Markús.

Vegna fyrirspurnar þinnar í tilefni af greinargerð með frumvarpi um virðisaukaskatt af hljóðbókum þar sem segir: "Ríkisútværpið hafði þá stefnu um árabil að hljóðrita upplestur rithöfunda á eigin verkum. Nú hefur það breytt um stefnu, þannig að upplesið efni skipar æ minna rými í dagskrá þess", skal upplýst:

Ekki hefur verið mótuð stefna um að minnkalestur rithöfunda úr verkum sínum. Slíkt hefur alltaf tíðkast mikið. Hins vegar hefur dagskrárgerð breyst og þróast gegnum tíðina og

upplestur orðið lægra hlutfall af unnum, samsettum heimildaþáttum en tíðkaðist á árum áður. Nú eru þannig að jafnaði tvær framhaldssögur í gangi í einu, önnur ætluð fullorðnum, hin börnum. Þá hefur meira verið gert að því að leita til leikara um upplestur sagna en áður var í trausti þess að þá megi fá í vissum tilvikum betri flutning - flutningurinn sem slíkur verður viðbót við söguna. Höfundar hafa gert sér grein fyrir þessu og jafnvel óskað eftir ákveðnum, góðum flytjendum til að lesa sögur sinar. Eftir sem áður höfum við lagt áherslu á að helstu höfundar þjóðarinnar lesi hér úr verkum sínum eins og jafnan fyrr.

Ef t.d. er litið yfir íslenskar framhaldssögur það sem af er þessu ári kemur í ljós að í útvarpssögutíma hafa Huldar Breiðfjörð, Sigurður Pálsson, Einar Kárason (þrjár bækur) og Sjón lesið eigin sögur, og auk þess lesnar sögur (auk þýðinga á erlendum bókum) eftir Kjartan Árnason, Kristínu Marju Baldursdóttur, Thor Vilhjálmsson og Rannveigu I.E. Löve.


Sú ákvörðun var tekin að á þessu ári yrðu sem barnasögur eingöngu lesnar sögur eftir íslenska höfunda. Af barnabókahöfundum hafa þessir lesið eigin sögur: Jónas Jónasson, Guðmundur Ólafsson, Guðrún Helgadóttir, Guðbergur Bergsson og Þorvaldur Þorsteinsson, en sögur verið lesnar eftir Gunnhildi Ólafsdóttur, Auði Jónsdóttur, Kristinu Steinsdóttur og Kristínu Helgu Gunnarsdóttur. Auk þess hafa verið fluttar sögur eftir two úrvalshöfunda látna þá Ólaf Jóhann Sigurðsson og Stefán Jónsson.

Auk þessa mun ég senda þér lista yfir framhaldssögur frá 1999.

Með kveðju,
Margrét Oddsdóttir.”

Umræddur listi yfir framhaldssögurnar fylgir hér með.

Virðingarfyllst,



Markús Örn Antonsson

SÖGULISTI

FRAMHALDSSÖGUR BARNA 2003, fram í nóv.

Niko eftir Önnu Gunnhildi Ólafsdóttur. Bergur Pór Ingólfsson les.
Algjört frelsi! eftir Auði Jónsdóttur. Þórunn Erna Clausen les.
Húsálfurinn eftir Jónas Jónasson. Höfundur les (úr safni)
Klukkuþjófurinn klóki eftir Guðmund Ólafsson. Höfundur les.
Blái hnötturinn eftir Andra Snæ Magnason. Leikgerð Hjálmars Hjálmarssonar.
Spói eftir Ólaf Jóhann Sigurðsson. Bessi Bjarnason les (úr safni)
Meira af Jóni Oddi og Jóni Bjarna og
Enn af Jóni Oddi og Jóni Bjarna eftir Guðrúnú Helgadóttur. Höf. les.. Sumarsaga.
Stjörnur og strákapör eftir Kristínu Steinsdóttur. Sigrún Edda Björnsd. les. Sumars.
Hundurinn sem þráði að verða frægur eftir Guðberg Bergsson. Höf. les. Sumars.
Lauga og ég sjálfur eftir Stefán Jónsson. Hallmar Sigurðsson les. Sumarsaga.
Ert þú Blíðfinnur? Ég er með mikilvæg skilaboð eftir Þorv. Þorsteinsson. Höf les.
Elsku besta Binna mína eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur. Vigdís Pálsdóttir les.

ÚTVARPSSÖGUR 2003, - fram í nóvember.

Góðir íslendingar eftir Huldar Breiðfjörð. Höfundur les. 17 lestrar.
Amsterdam eftir Ian McEwan. Uffi Jónsson þýddi. Steinn Ármann Magnússon les. 13 lestrar.
Draumur þinn rætist tvísvær eftir Kjartan Árnason. Sigurður Skúlason les. 10 lestrar.
Drengurinn í Mánaturni eftir Anwar Accawi. Gyrðir Elíasson þýddi. Andrés Sigurvinsson les. 18 lestrar.
Dansað við Regitze eftir Mörthu Christensen. Sverrir Hólmarsson þýddi. Helga Jónsdóttir les. 11 lestar.
Grónar götur eftir Knut Hamsun. Skúli Bjarkan þýddi. Erlingur Gíslason les. 14 lestrar.
Paríscarhjól eftir Sigurð Pálsson. Höfundur les. 18 lestrar.
Killiansfólkid (Heimskra manna ráð og Kvíkasílfur) eftir Einar Kárason. Höfundur les. 36 lestrar.
Undrun og skjáifti eftir Amélie Nothomb. Guðrún Vilmundardóttir. Marta Nordal les. 9 lestar.
Augu míni sáu þig eftir Sjón. Höfundur les. 20 lestrar.
Morgunþula í stráum eftir Thor Vilhjálmsson. Hjalti Rögnvaldsson les. 25 lestrar.

ÚTVARPSSÖGUR 2002

Tröllakirkja eftir Ólaf Gunnarsson. Höfundur les. 29 lestrar. Frá 2. janúar til 11. febrúar.

N. P. eftir Banana Yoshimoto. Elísa Björg Þorsteinsdóttir þýddi. María Ellingsen les. 11 lestrar. Frá 12. til 26. febrúar.

Gamli maðurinn og hafið eftir Ernest Hemingway. Þýðendur: Björn O. Björnsson og Kristján Karlsson. Jón Júliusson les. 9 lestrar. Frá 27. febrúar til 11. mars.

Brekkukotsannáll eftir Halldór Kiljan Laxness. Höfundur les. 30 lestrar, frá 1963-64. Frá 12. mars til 26. apríl. Í segulbandasafni.

Paskval Dvarte og hyski hans eftir Camilo José Cela. Kristinn R. Ólafsson les þýðingu sína. 10 lestrar. Frá 29. apríl til 14. maí.

Áður en þú sofnar eftir Linn Ullmann. Solveig Brynja Grétarsdóttir þýddi. Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir les. 21 lestar. Frá 15. maí til 13. júní.

Tvær smásögur eftir Heinrich Böll. Franz A. Gíslason þýddi. Sigurður Skúlason les. 14. og 18. júní.

Naðran á klöppinni eftir Torgny Lindgren. Hannes Sigfússon þýddi. Hjalti Rögnvaldsson les. 8 lestrar. Frá 19. til 28. júní.

Uppvöxtur Litla trés eftir Forrest Carter. Gyrðir Elíasson þýddi. Gunnar Hansson les. 18 lestrar. Frá 1. til 24. júlí.

Taumhald á skepnum eftir Magnus Mills. Ísak Harðarson þýddi. Gunnar Gunnsteinsson les. 15 lestrar. Frá 25. júlí til 15. ágúst.

Minningar einnar sem eftir lifði eftir Doris Lessing. Hjörtur Pálsson þýddi. Anna Kristín Arngrímsdóttir les. 27 lestrar. Frá 16. ágúst til 23. september.

Hjartað býr enn í helli sínum eftir Guðberg Bergsson. Höfundur les. 23 lestrar. Frá 24. september til 25. október.

Lífið framundan eftir Romain Gary.: Guðrún Finn bogadóttir þýddi. Guðmundur Ólafsson les. 16 lestrar. Frá 28. október til 18. nóvember.

Tvífarinn eftir Fjodor Dostojevskí. Ingibjörg Haraldsdóttir les þýðingu sína. 18 lestrar. Frá 19. nóvember til 12. desember.

Það er eitthvað sem enginn veit. Bernskuminningar Líneyjar Jóhannesdóttur eftir Þorgeir Þorgeirson. Líney les. 8 lestrar. Áður flutt 1987. Frá 13. til 27. desember.

Smásaga eftir Njörð P. Njarðvík. Höfundur les. 30. desember.

SÖGUR Í VITANUM 2002

Jóakim eftir Tormod Haugen. Njörður P. Njarðvík þýddi. Friðrik Friðriksson les. 22 lestrar. Janúar-febrúar.

Gegnum þyrnigerðið eftir Iðunni Steinsdótur. Höfundur les. 21 lestur. Endar 18. mars.

Benjamín dúfa eftir Friðrik Erlingsson. Höfundur les. 27 lestrar. Frá 19. mars til 7. maí.

Ásta litla lipurtá eftir Stefán Júlíusson. Linda Ásgeirsdóttir les. Frá 8. maí.

Glerbrotið eftir Ólaf Jóhann Sigurðsson. Kristján Jónsson les. Í segulbandasafni Út maí.

Á Saltkráku eftir Astrid Lindgren. Silja Aðalsteinsdóttir þýddi. Inga María Valdimarsdóttir les (Sumarsaga, júní-ágúst)

Pétur sjómaður eftir Peter Freuchen. Sverrir Haraldsson þýddi. Árni Árnason les. Sumarsaga, september.

Jón Oddur og Jón Bjarni eftir Guðrúnu Helgadóttur. Höfundur les, upptaka frá Vöku-Helgafelli. Október

Veröld Busters eftir Bjarne Reuter. Ólafur Haukur Símonarson þýddi. Guðlaug María Bjarnadóttir les. Út nóvember.

Ævintýri á jólanótt eftir Olgu Guðrúnu Árnadóttur. Höfundur les. Desember.

Eftirmáli regndropanna eftir Einar Má Guðmundsson. Höfundur les. (13 lestrar, 2.-18.jan) Smásaga 19. jan.

Elskan mín, ég dey eftir Kristínu Ómarsdóttur. Höfundur les.(14 lestrar, 22.jan.- 8. feb.). Smásaga 9. feb.

Endurminningar séra Magnúsar Blöndals Jónssonar. Síðasti hluti. (26 lestrar)
Baldvin Halldórsson les. Frá 12. feb. Ca. 25 lestrar til 19. mars.

Konan sem gekk á hurðir eftir Roddy Doyle. Sverrir Hólmarsson þýddi. María Sigurðardóttir les. Frá 20. mars til ca. 20. apríl.

Leikir í fjörunni eftir Jón Óskar. Endurtekinn lestur frá 1976, 10 lestrar. Frá 23. apríl til 7. maí.

Dreggjar dagsins eftir Kazuo Ishiguro. Sigurður A. Magnússon þýddi. Sigurður Skúlason les. 22 lestrar. Frá 8. maí til 8. júní.

Anna, Hanna og Jóhanna eftir Marianne Fredriksson. Sigrún Ástríður Eiríksdóttir þýddi. Ragnheiður Steindórsdóttir les. Frá 11. júní til 20. júlí. 30 lestrar.

Dagur í Austurbotni eftir Antti Turi. Njörður P. Njarðvík þýddi og les. 29 lestrar. Frá 23. júlí til 30. ágúst.

Elskhuginn eftir Marguerite Duras. Hallfríður Jakobsdóttir þýddi. Þórunn Magnea Magnúsdóttir les. 9 lestrar. Frá 31.ágúst til 13. sept.

Vögguvísa eftir Elías Mar. Höfundur les. 12 lestrar. (Segulbandasafn, frá 1974). Frá 14. sept. til 2. okt.

Ármann og Vildís eftir Kristmann Guðmundsson. Kristján Franklín Magnús les. Frá 3. til 29. okt.

Býr Íslendingur hér? Minningar Leifs Mullers. Garðar Sverrisson skráði. Þórarinn Eyfjörð les. 26 lestrar. Frá 30. okt. til 4. des.

Kryddlegin hjörtu eftir Lauru Esquivel. Sigríður Elfa Sigurðardóttir þýddi. Þrúður Vilhjálmsdóttir les. 16 lestar. 5. – 28. des.

Sögur í Vitanum og sumarsögur 2001

2. jan. 2002

Náttfuglarnir eftir Tormod Haugen. Anna Valdimarsdóttir þýddi. Friðrik Friðriksson les. Jan.-feb.

Ég heiti Blíðfinnur, þú mátt kalla mig Bóbó eftir Þorvald Þorsteinsson. Höfundur les. Feb.-mars.

Maddit og Beta eftir Astrid Lindgren. Sigrún Árnadóttir þýddi. Vala Þórsdóttir les. (út apríl)

Mömmustrákur eftir Guðna Kolbeinsson. Höfundur les (Segulbandasafn) Mai.

Frændi töframannsins eftir C. S. Lewis. Kristín R. Thorlacius þýddi. Eggert Kaaber les. Júní,- júlí, sumarsaga að morgni, endurtekin að kvöldi.

Pegar stórt er spurt... eftir Gunnhildi Hrólfssdóttur. Höfundur les. Lok júlí fram í sept.-byrjun. Sumarsaga að morgni, endurtekin að kvöldi.

Viðburðaríkt sumar eftir Þorstein Marelsson. Höfundur les. Síðasta sumarsaga, út sept.

Í pokahorninu eftir Karl Helgason. Höfundur les. Okt. –nóv.

Svona er hún Ída eftir Maud Reutersward. Jóhanna Sveinsdóttir þýddi. Edda Heiðrún Backman les. Nóv.

Berjabítur eftir Pál H. Jónsson. Höfundur og Heimir Pálsson lesa.. (Segulbandasafn). Frá lokum nóvember til annars í jólum.

ÚTVARPSSÖGUR
árið 2000

4. jan. 2001

Hvítikristur eftir Gunnar Gunnarsson. Hjalti Rögnvaldsson les (26 lestrar, 3.jan.-7. feb.)

Glerborgin eftir Paul Auster. Bragí Ólafsson þýddi. Stefán Jónsson les. (12 lestrar, 8. – 23. feb.)

Húsið með blindu glersvölunum eftir Herbjörgu Wassmo. Hannes Sigfússon þýddi. Guðbjörg Þórisdóttir les (19 lestrar, 24. feb.-21.mars)

Blindgata í Kaíró eftir Nagib Mahfuz. Sigurður A. Magnússon þýddi. Dofri Hermannsson les (29 lestrar, 22. mars – 5. maí)

Gullkúlan eftir Hanne Marie Svendsen. Nína Björk Árnadóttir þýddi og les (23 lestrar, 8. maí – 8. júní) Smásaga 9. júní.

Fýkur yfir hæðir eftir Emily Bronte. Sigurlaug Björnsdóttir þýddi. Hilmir Snær Guðnason les (29 lestrar, 13. júní –21.júlí)

Ástin fiskanna eftir Steinunni Sigurðardóttur. Höfundur les.(6 lestrar, 24.-31. júlí).

Hús í svefni eftir Guðmund Kamban. Katrín Ólafsdóttir þýddi. Helga Bachmann les (9.lestrar, 1.- 14. ágúst).

Allir heimsins morgnar eftir Pascal Quignard. Friðrik Rafnsson þýddi. Jóhann Sigurðarson les (5 lestrar, 15. – 21. ágúst).

Ævi og ástir kvendjöfuls eftir Fay Weldon. Elísa Björg Þorsteinsdóttir þýddi. Jóhanna Jónas les (20 lestrar, 22. ágúst – 18. sept.).

Land og synir eftir Indriða G. Þorsteinsson. Höfundur les (frá 1969, 11 lestrar, 19. sept. – 4. okt.)

Í kompaníi við Þórberg eftir Matthias Johannessen. Pétur Pétursson les (35 lestrar, 5.okt. – 22. nóv.).

Lát hjartað ráða för eftir Susönnu Tamaro. Thor Vilhjálmsson þýddi. Kristbjörg Kjeld les (14 lestrar, 23. nóv. –13. des.).

Vinahópurinn og Meyjarfæðing eftir Ljúdmílu Petrushevskaju. Ingibjörg Haraldsdóttir þýddi og les (4 lestrar, 14. – 19. des.)

Babette býður til veislu eftir Karen Blixen. Hjörtur Pálsson þýddi og les (frá 1990, 4 lestrar, 20.- 24. des.).

Jólastjarnan eftir Pearl S. Buck. Arnheiður Sigurðardóttir þýddi. Róbert Arnfinnsson les (3 lestrar, 27. – 29. des.).

Framhaldssögur í Vitanum
árið 2000.

Snoðhausar eftir Jón Hjartarson. Höfundur les.

Járnríssinn eftir Ted Hughes. Gunnar Helgason les.

Petronella, engillinn og græni drekinn eftir Franziscu Gunnarsdóttur. Harpa Arnardóttir les.

Jói og risaferskjan eftir Roald Dahl. Árni Árnason þýddi og les.

Undan illgresinu eftir Guðrúnu Helgadóttur. Höfundur les.

Bestu vinir eftir Andrés Indriðason. Höfundur les. Einnig sumarsaga að morgni.

Sossa sólskinsbarn eftir Magneu frá Kleifum. Marta Nordal les. Einnig sumarsaga að morgni.

ENN fleiri athuganir Berts eftir Anders Jacobsson og Sören Olsson. Jón Danielsson þýddi. Leifur Hauksson les. Einnig sumarsaga að morgni.

Glerfjallið eftir Aðalstein Ásberg Sigurðsson. Höfundur les.

Fallin spýta eftir Kristinu Steinsdóttur. Sigrún Edda Björnsdóttir les.

Villi valtari og fleiri jólasögur eftir Ármann Kr. Einarsson. Felix Bergsson les.

Einnig las Felix nokkrar stuttar jólasögur i viðbót, frumsamdar og þýddar

4. feb. 2000

ÚTVARPSSÖGUR árið 1999

Ilmurinn eftir Patrick Suskind. Kristján Árnason þýddi. Hjalti Rögnvaldsson les (26 lestrar, 4.jan.-9.feb.).

Meðan nóttin líður eftir Fríðu Á. Sigurðardóttur. Margrét Helga Jóhannsdóttir les (20 lestar, 10.feb.-9.mars)

Davið eftir Kjartan Árnason. Sigurður Skúlason les (3 lestrar, 10.-12. mars)

Kal eftir Bernard MacLaverty. Erlingur E. Halldórsson þýddi. Sigurgeir Hilmar Friðþjófsson les (13 lestrar, 15.-31.mars)

Hús málarans, endurminningar Jóns Engilberts eftir Jóhannes Helga. Óskar Halldórsson les, áður flutt 1974 (11 lestrar, 6.-20.apríl)

Mannvíg á Kambabréu eftir Herstein Pálsson. Karl Guðmundsson les. (2 lestrar, 21. og 23. apríl)

Heimur feigrar stéttar eftir Nadine Gordimer. Ólöf Eldjárn þýddi. Helga E. Jónsdóttir les (10 lestrar, 26.apríl -7. maí)

Sveitastulkurnar eftir Edna O-Brien. Álfheiður Kjartansdóttir þýddi. Vigdís Gunnarsdóttir les (21 lestar, 10.maí- 9.júní)

Viðreisn í Wadköping eftir Hjalmar Bergman. Njörður P. Njarðvík þýddi. Sigurður Skúlason les (23 lestrar, 10.júni – 9.júlí)

Á Svörtuhæð eftir Bruce Chatwin. Árni Óskarsson þýddi. Vilborg Halldórsdóttir les, (24 lestrar, 12. júlí – 12. ágúst)

Zinaida Fjodorovna eftir Anton Tsjekov. Kristján Albertsson þýddi. Jón Júliusson les (12 lestrar, 16. – 31.ágúst)

Svanurinn eftir Guðberg Bergsson. Höfundur les (17 lestrar, 1.-23. sept.)

Ástkaer eftir Toni Morrison. Úlfur Hjörvar þýddi. Guðlaug María Bjarnadóttir les (30 lestrar, 27.sept. – 8.nóvember)

Endurminningar séra Magnúsar Blöndals Jónssonar, annar hluti. Baldvin Halldórsson les (22 lestrar, 9. nóv. –9. des.)

Dóttir landnemans eftir Louis Hémon. Karl Ísfeld þýddi. Sigrún Sól Ólafsdóttir les. (14 lestrar, 10.- 30. des.)

- Þessu til viðbótar koma nokkrar smásögur, til að fylla viku. -

SEGÐU MÉR SÖGU árið 1999

Pétur Pan og Wanda eftir J. M. Barrie. Sigríður Thorlacius þýddi. Hallmar Sigurðsson les (27 lestrar, 4. jan. – 17. feb)

Þrír vinir, ævintýri litlu selkópanna, eftir Karvel Ögmundsson. Sólveig Karvelsdóttir les (17 lestrar, 22. feb. – 22.mars)

Sögur og ljóð úr samkeppni Æskunnar, Flugleiða og Ríkisútværpsins. Umsjón: Elísabet Brekkan. (23. – 31. mars)

Þið hefðuð átt að trúá mér! eftir Gunnhildi Hrólfsdóttur. Höfundur les (20 lestrar, 6.april – 10. maí)

Tveggja daga ævintýri eftir Gunnar M. Magnúss. Jakob Þór Einarsson les (16 lestrar, 11.maí- 8. júní)

Fleiri athuganir Berts eftir Anders Jacobsson og Sören Olsson. Jón Danielsson þyddi. Leifur Hauksson les (18 lestrar, 9. júní – 12.júlí)

Kári litli í sveit eftir Stefán Júliusson. Höfundur les (13 lestrar, 13. Júlí – 5.ágúst)

Áfram Latibær eftir Magnús Scheving. Ingrid Jónsdóttir les (10 lestrar, 9.-24. ágúst)

Ógnir Einidals eftir Guðjón Sveinsson. Höfundur les (25 lestrar, 25. ágúst – 6. okt.)